

REGLUGERÐ

1

2. jan.

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtnun á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtnunar á erlendu smjöri, sem áður hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupsheimild fyrir einu kílógrammi af smjöri fyrir mánuðina janúar, febrúar og marz 1947, og gildir sú innkaupsheimild til 31. marz n. k. og eiga við um hana allar sömu reglur og aðrar innkaupaheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37, 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. janúar 1947.

Pétur Magnússon.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

2

8. jan.

um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Síðari málsgr. 7. töluliðs 22. gr. falli niður.

2. gr.

Síðari málsliður 2. málsgr. 25. gr. falli niður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 6 9. jan. 1935.

Fjármálaráðuneytið, 8. janúar 1947.

Pétur Magnússon.

Magnús Gíslason.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

3

9. jan.

um vatnsveitu Stórólshvolshverfis í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvolhrepps hefur einkaleyfi til umráða og starfrækslu á vatnsveitufyrirtæki Stórólshvolshverfis á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

Vatnsveitusvæðið er Stórólshvolshverfi og nærliggjandi fasteignir.

3

9. jan.

Frá vatnsæðum þeim, sem nú liggja eða lagðar verða um vatnsveitusvæðið, má enginn leggja neinar vatnsæðar nema með leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

3. gr.

Hreppsnefnd Hvollhrepps felur 5 manna nefnd, í sínu umboði, öll framkvæmdastörf, sem að vatnsveitunni lúta og yfirumsjón alla. Skulu að minnsta kosti 2 nefndarmenn vera úr hópi vatnsneytenda og utan hreppsnefndar. Oddviti hreppsnefndar er sjálfkjörinn formaður vatnsveitunefndar. Skal hún kjörin til fjögurra ára og fylgir kjörtímabili hreppsnefndar.

4. gr.

Hver sá, sem fær vatnsæð samkv. 2. gr., skal hlíta fyrir mælum vatnsveitunefndar um efni, lagningu og annað, sem að því lýtur.

5. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka vatnsæðum hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu eða nota það svo að óþrifum valdi. Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir úrskurð hreppsnefndar.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Sérstaklega skal hann gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

7. gr.

Hver, sem skemmir vatnsæðar, notar þró, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra vatnsleiðslunni til, skal auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri hegning liggja við samkv. hegningarlögum. Sömu sektum sæti sá, er brýtur einkarétt hreppsnefndar til vatnssölu.

Bráðabirgðareglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hvollhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. janúar 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

4

10. jan.

REGLUGERÐ

fyrir Sundhöll Ísafjarðar.

1. gr.

Eigandi Sundhallar Ísafjarðar er bæjarsjóður Ísafjarðar.

2. gr.

Eignin er rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Sundhöll Ísafjarðar.

3. gr.

Rekstur eignarinnar er í höndum 5 manna sundhallarstjórnar.